

REGLUR

um stjórnskipulag heilbrigðisvíndasviðs Háskólans á Akureyri.

I. KAFLI

Markmið og stefna.

1. gr.

Helstu markmið og stefna.

Meginmarkmið heilbrigðisvíndasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsónum í heilbrigðisvíndum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvíndum. Heilbrigðisvíndasvið vinnur eftir stefnu sem unnin var og mótuð til áranna 2012-2017 og er í samræmi við grunnmarkmið heilbrigðisvíndasviðs og stefnu Háskólans á Akureyri hverju sinni.

Heilbrigðisvíndasvið starfar á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006, laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

II. KAFLI

Skipulagseiningar.

2. gr.

Deildir og brautir fræðasviðsins.

Heilbrigðisvíndasvið skiptist í þjár deildir; *hjúkrunarfraeðideild, iðjuþjálfunarfreðideild og framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvíndum.*

Hver deild ber ábyrgð á skipulagi og þróun þess náms sem heilbrigðisvíndasvið hefur samþykkt að fari fram innan deildarinnar. Innan hverrar deildar er boðið upp á minnst eina námslinu eða braut, en með því er átt við skilgreinda samsetningu námskeiða sem nemandinn þarf að ljúka til að hljóta tilteknar gráðu.

Við skipulagningu náms við heilbrigðisvíndasvið er tekið mið af lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Við skipulagningu náms í hjúkrunarfraeðingi er tekið mið af reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfraeðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 512/2013.

Við skipulagningu náms í iðjuþjálfunarfræði er tekið mið af reglugerð um menntun, réttindi og skyldur iðjuþjálfa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1221/2012.

Við skipulagningu framhaldsnáms í heilbrigðisvíndum er meðal annars tekið mið af því að hver nemandi geti fengið nám sitt metið til sérfræðiviðurkenningar, sjá meðal annars reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfraeðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 512/2013, reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi nr. 1127/2012, reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1127/2012, og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1088/2012.

III. KAFLI

Stjórnskipulag.

3. gr.

Skilgreiningar.

Stundakennari: Kennari sem kennir hluta úr námskeiði eða heilt námskeið en er ekki ráðinn í stöðu aðjunkts, lektors, dósents eða prófessors við Háskólann á Akureyri.

Kennari með tímabundinn ráðningarsamning: Aðjunkt eða lektor sem ráðinn er til afmarkaðs tíma, t.d. eins eða tveggja ára. Um getur verið að ræða hlutastarf eða fullt starf.

Fastráðinn kennari: Aðjunkt, lektor, dósent eða prófessor sem ráðinn er ótímabundið. Um getur verið að ræða hlutastarf eða fullt starf.

Sérfræðingur: Starfsmaður sem ráðinn er til rannsókna og/eða þróunarverkefna, með eða án rannsóknarfrelsíslis, í krafti sérfræðiþekkingar sinnar.

Verkefnastjóri klíníks náms: Starfsmaður sem ráðinn er m.a. til að sjá um niðurröðun nemenda í hjúkrunarfræði í klínískt nám og hefur umsjón með klínískri námsstofu, Þorbjargarstofu, sjá nánari starfslýsingu í „Handbók um klínískt nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið HA“.

4. gr.

Deildafundur heilbrigðisvísindasviðs.

Deildafundur heilbrigðisvísindasviðs fer með aðsta ákvörðunarvald í málefnum fræðasviðs. Hann fjallar um meginatriði í starfsemi heilbrigðisvísindasviðsins og ber ásamt forseta fræðasviðs ábyrgð á að starfsemi sviðsins sé í samræmi við lög og reglur. Deildafundur heilbrigðisvísindasviðs gerir tillögur að ráðningu forseta heilbrigðisvísindasviðs til tveggja ára samkvæmt 15. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, að undangenginni kosningu um umsækjendur. Á deildafundi skal jafnframt kosinn staðgengill forseta fræðasviðs til tveggja ára sem og varastaðgengill. Nánar er kveðið á um verkefni deildafundar í 16. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

Á deildafundi eiga sæti og atkvæðisrétt; forseti fræðasviðs, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar óháð starfshlutfalli og aðrir fastráðir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs, starfsmenn Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólangs á Akureyri, sjá reglur um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólangs á Akureyri nr. 867/2003, einn fulltrúi stundakennara hverrar deildar og einn fulltrúi nemenda hverrar deildar, samkvæmt 16. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

5. gr.

Deildaráð heilbrigðisvísindasviðs.

Deildaráð heilbrigðisvísindasviðs starfar samkvæmt 13. og 17. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Ráðið fjallar um erindi sem varða mál einstakra nemenda og önnur málefni sem varða heilbrigðisvísindasvið. Deildafundur (sviðsfundur) heilbrigðisvísindasviðs setur nánari reglur um vald og verksvið deildaráðs.

Í deildaráði eiga sæti auch forseta fræðasviðs, staðgengill forseta fræðasviðs, deildaformenn, tveir fulltrúar fastra kennara fræðasviðs og tveir til vara, sem kosnir eru á deildafundi heilbrigðisvísindasviðs til tveggja ára í senn og einn fulltrúi nemenda valinn af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn.

6. gr.

Forseti heilbrigðisvísindasviðs, deildaformenn og deildarfundir.

Forseti heilbrigðisvísindasviðs ber ábyrgð á rekstri heilbrigðisvísindasviðs og kennslu á heilbrigðisvísindasviði ásamt deildaformönnum.

Deildaformenn og deildarfundir bera ábyrgð á kennslu, kennslufyrirkomulagi og þróun náms innan hverrar deildar heilbrigðisvísindasviðs. Deildarfundir hverrar deildar gera tillögur til deildaráðs um að auglýsa stöður, fjalla um umsóknir að fengnu dómnefndaráliti og gera tillögur til forseta heilbrigðisvísindasviðs um ráðningar.

Sæti í deild – og þar með seturétt, tillögurétt og atkvæðisrétt á deildarfundum – eiga aðjúnktar, lektorar, dósentar eða prófessorar sem inna af hendi minnst 50% kennsluskyldu sinnar innan deildar, ásamt verkefnastjórum. Þetta ákvæði á ekki við um *framhaldsnámsdeild i heilbrigðisvísindum*.

Deildarformaður skal kosinn af deildarfundi hverrar deildar til tveggja ára í senn úr hópi fastráðinna lektora, dósenta eða prófessora deildarinnar. Kosning deildaformanns skal fara fram eigi síðar en í júní fyrir næstu tvö skólaár. Einnig skal deildarfundur kjósa staðgengil deildaformanns til sama tíma. Einungis deildarfundur getur leyft frávik frá þessum ákvæðum.

Deildarformaður ber ábyrgð á starfsemi deildar, skipulagi, undirbúningi og framkvæmd náms, þróun og samskiptum og tekur einnig þátt í stjórn deildar. Hann sér um samskipti við nemendur, áætlun kennslumagns, gerir tillögur um nýráðningar, velur umsjónarkennara í samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs og kemur að stundaskrárgerð í samvinnu við skrifstofu fræðasviðsins. Deildarformaður stýrir deildarfundum og fylgir samþykktum fundanna eftir. Nánar skal kveðið á um ábyrgð og verkefni deildaformanns í sérstakri starfslýsingu.

7. gr.

Náms- og matsnefndir.

Innan heilbrigðisvíðindasviðs skulu náms- og matsnefndir starfa innan hverrar deildar.

Námsnefnd gerir tillögur til deildarfundar um breytingar á náms- og kennsluskrá. Námsnefndir skulu minnst vera skipaðar þremur fulltrúum fastráðinna kennara sem valdir eru til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarfundi og einum fulltrúa nemenda, sem valinn er af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn. Deildarformaður er að jafnaði formaður námsnefndar viðkomandi deildar, en að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

Matsnefndir skulu gera tillögur um mat á fyrra námi og fyrirhuguðu skiptinámi nemenda viðkomandi deildar. Matsnefndir skulu minnst vera skipaðar þremur fulltrúum fastráðinna kennara sem valdir eru til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarfundi og einum fulltrúa nemenda, sem valinn er af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

8. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar sem samþykktar voru í háskólaráði 24. júní 2013 eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og taka gildi frá og með 1. ágúst 2013. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 610/2009 um stjórnskipulag heilbrigðisvíðindasviðs Háskólans á Akureyri.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega með hliðsjón af fenginni reynslu.

Háskólanum á Akureyri, 23. ágúst 2013.

Stefán B. Sigurðsson rektor.

Sigurður Kristinsson,
varaforseti háskólaráðs.

B-deild – Útgáfud.: 10. september 2013